



Nefn um skólahúsnæði Kerhólsskóla

Fundargerð.

12. fundur nefndar um skólahúsnæði Kerhólsskóla var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, þriðjudaginn 5. maí 2026 kl. 10:00.

Fundinn sóttu:

~~Pétur Thomsen, formaður nefndarinnar og fulltrúi skólanefndar.~~

~~Sigrún Hreiðarsdóttir, fulltrúi Kerhólsskóla.~~

Sigríður Þorbjörnsdóttir, fulltrúi Kerhólsskóla.

~~Örvar Bjarnason, fulltrúi foreldrafélagsins.~~

Smári Bergmann Kolbeinsson, fulltrúi sveitarstjórnar og formaður framkvæmda- og veitunefndar.

Starfsmenn nefndarinnar:

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður framkvæmda og veitna.

Steinar Sigurjónsson, deildarstjóri framkvæmda, mannvirkja og umhverfis.

Ráðgjafar:

~~Anne Bruun Hansen, Efla – Fjarfundabúnaður.~~

María Björk Gunnarsdóttir, Efla – Fjarfundabúnaður.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Fjóla Steindóra Kristinsdóttir.

1. Ráðgjafar frá Eflu fara yfir teikningar af efri hæð Stjórnsýsluhúss og þeim breytingum sem liggja fyrir.

Farið yfir teikningu og samþykkt að vinna út frá þeirri grunnmynd sem búið er að teikna upp.

2. Loftræsting.

Farið yfir loftræstingu hæðarinnar. Núverandi staða er sú að einungis er útsog úr ákveðnum rýmum. Nauðsynlegt að bæta loftræstingu til að uppfylla kröfur til skólabygginga og því ákveðið að bæta við samstæðu með innblæstri og útsogi sem verður staðsett á þaki hússins. Loftræstihönnuður heldur áfram að vinna að hönnun miðað við þær forsendur.

3. Næstu skref

Ákveðið að hönnuðir vinni að lokateikningum og útboðsgögnum fyrir hæðina. Starfstími nefndarinnar liður undir lok um miðjan mánuð og er nefndinni þakkað fyrir vel unnin störf.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 11:10